



459. Stjórnarfundur haldinn 3. desember 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK) ,
Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA) og Birgir Mór Bragason (BMB) .
Fjarverandi: Birgir Ingibergsson og (BI) Guðjón Axelsson (GA).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Boðsbréf til aðalstjórnar frá fimleikadeild v/ boð á jólasýningu deildarinnar. *Móttakið.*

3. Send bréf.

Bréf til UMFÍ v/ tilnefningar í nefndir á vegum UMFÍ.

4. Jólblaðið.

Jólblaðið er komið og er fjórtíu síður. Blaðið hefur verið vistað á heimasíðu félagsins. Fjáröflunarnefnd sunddeildar sér um dreifingu á jólblaðinu, sem dreift verður nú um helgina. Opnu viðtalið er við Ragnar Örn Pétursson. Stjórnarmenn mjög ánægðir með hvernig til hefur tekist. Framkvæmdastjóra þakkað gott blað.

5. Íþróttamenn Keflavíkur.

Deildir hafa skilað inn sínum íþróttamönnum. EH las upp afrek hvers og eins íþróttamanns. Eftir nokkrar umræður var ákveðið hver yrði íþróttamaður- og kona Keflavíkur 2015. Hófið þar sem kjöri íþróttamanna verður lýst verður þann 29. desember kl. 20:00.

6. Hringbraut 108.

EH lagði fram leigusamning við Fitzone fyrir 2016 og óskaði eftir heimild til að skrifa undir hann. ***EH veitt heimild til að skrifa undir samninginn.***

6. Önnur mál.

Formanna- og gjaldkerafundur verður þriðjudaginn 8. Desember kl. 19:00 – 21:00

Undirritaður samningur vegna afnota knattspyrnudeildar Keflavíkur á Hringbraut 108 frá 15. desember 2015 til 15. janúar 2016 til sölu á flugeldum lá frammi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:50

Næsti stjórnarfundur 17. desember kl.18:00

Fundinn ritaði BS.

